

KONUNGSBRÉF

74
26. júní

um

heiðursmerki alþingishátíðarinnar 1930.

Vér Christian hinn Tiundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Vér höfum fallizt á þá tillögu forsætisráðherra að láta gera heiðursmerki alþingishátíðarinnar 1930 úr gulli, til þess að halda á lofti minningunni um þúsund ára afmæli Alþingis, þúsund ára fæðingarár ríkisins.

Á heiðursmerkinu að framan er merki alþingishátíðarinnar, en aftaná áletrað „Ísland 930—1930“, og skal bera það í litbandi Íslands, vinstra megin á brjóstinu.

Heiðursmerkið má aldrei veita nema nú á þessu hátíðarsumri, og skal sæma því alla alþingismenn Íslands, þá fulltrúa erlendra þjóðþinga, er Alþingi hefir boðið til hátíðarinnar og eru hér staddir svo og samkvæmt tillögu forsætisráðherra, einstaka aðra, einkum þá, er hafa staðið eða standa í náinni samvinnu við Alþingi og stjórn landsins um undirbúning og umsjá hátíðarinnar. Aðra má ekki sæma heiðursmerkinu. Merkið er eign þeirra, sem því hafa verið sæmdir, og ber ekki að skila því aftur.

Frá þessum reglum má aldrei vikja.

Gjört á Þingvöllum, 26. júnímánaðar 1930.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.